

Bestu jólin

THOMAS S. MONSON FORSETI

Á þessum árstíma hljómar hvarvetna jólatónlist. Mér verður oft hugsað heim og til liðinna jóla, þegar ég hlusta á uppáhalds jólasöngvana mína, líkt og þennan:

*Ó, heima er mín hjartans þrá,
öllum helgum jólum á.
Hvar sem er og hvert sem ég fer,
ef hamingju ríka höndla ber,
fær ekkert staðist fegurð þá,
er jólum ríkir heima á.¹*

Höfundur nokkur ritaði: „Aftur koma jólin brátt. Hjúpuð dulúð, gleði og töfrum virðast þau utan tíma og rúms. Allt hið kæra og varanlega vaknar í okkur: Við erum heima að nýju.“²

David O. McKay forseti (1873–1970) sagði: „Sönn hamingja fæst aðeins með því að gera aðra hamingjusama—að lifa eftir þeirri kenningu frelsarans, að við þurfum að týna lífi okkar til að finna það. Í stuttu máli er andi jóllanna andi Krists, sem fyllir hjarta okkar bróðurlegum kærleika og vinsemd og hvetur okkur til góðra verka og þjónustu.

Það er andi fagnaðarerindis Jesú Krists, en hlýðni við það færir ‚frið á jörð,‘ vegna þess að það táknar—góðvilja til allra manna.“³


Að gefa, ekki að þiggja, vekur anda jóllanna til fulls. Óvinum er fyrirgefið, vinanna minnst og Guði hlýtt. Andi jóllanna lýsir upp glugga sálarinnar og við lítum út, horfum á heimsins amstur, og fáum meiri áhuga á fólki en hlutum. Við þurfum að átta okkur á að „andi jóllanna“ er í raun „andi Krists.“

Muna eftir honum

Þegar við höfum með okkur anda jóllanna, erum við að hafa þann í huga sem fæddist og við nú minnumst með jólahaldi. Við leiðum hugann að hinum fyrsta jóladegi, sem spámenn til forna sögðu fyrir um. Saman skulum við lesa orð Jesaja: „Sjá, yngismær verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanúel,“⁴—sem táknar „Guð með oss.“

Spámenn hafa á meginlandi Ameríku sagt: „Sá tími kemur og er ekki langt undan, að Drottinn alvaldur, . . . mun . . . dveljast í musteri úr leir. . . . Hann mun líða freistingar, líkamlegan sársauka. . . . Og hann skal kallast Jesús Kristur, sonur Guðs.“⁵

Þá kom nótt nóttanna þegar hirðarnir voru í haga og engill Drottins birtist þeim og sagði þeim frá fæðingu frelsarans. Vitringar komu síðar frá Austurlöndum til Jesúsalem „og sögðu: Hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga? Vér sáum stjörnu



hans renna upp og erum komnir að veita honum lotningu. . . .

Þegar þeir sáu stjörnuna, glöddust þeir harla mjög, þeir gengu inn í húsið og sáu barnið og Maríu, móður þess, féllu fram og veittu því lotningu. Síðan luku þeir upp fjárhirslum sínum og færðu því gjafir, gull, reykelsi og myrru.⁶

Tímar breytast, ár líða, en helgi jólanna verður sú sama. Á þessari undursamlegu ráðstöfun í fyllingu tímanna veitast okkur fjölmörg tækifæri til að gefa af okkur sjálfum, en þau geta einnig glatast okkur. Til eru hjörtu sem gleðja má. Góð orð sem segja má. Gjafir sem gefa má. Dáðir sem drýgja má. Sálir sem frelsa má.

Jólin eru gjöf

Snemma á þriðja áratug tuttugustu aldar, gáfu Margaret Kisilevich og systir hennar Nellie nágrönnum sínum, Kozicki-fjölskyldunni, jólagjöf sem þau minntust alla ævi og var þeim andagift.

Margaret bjó í bænum Two Hills í Alberta, Kanada—sem var bændasamfélag, byggt aðallega innflytjendum frá Úkraínu og Póllandi, fjölmennum en afar fátækum fjölskyldum. Þetta var á tímum kreppunnar miklu.

Í fjölskyldu Margaret voru móðir hennar og faðir og fimmtán börn þeirra. Móðir Margaret var vinnusöm og faðir hennar framtakssamur—og börn þeirra fimmtán voru gott vinnuafli. Heimili þeirra var þar af leiðandi alltaf hlýtt og notalegt og þrátt fyrir bágborið ástandið líðu þau aldrei hungur. Á sumrin ræktuðu þau á stóru landsvæði. Þau súrsuðu kál og annað grænmeti, bjuggu til ost, sýrðan rjóma og fleira til vöruskipta. Þau ræktuðu einnig kjúklinga, svín og holdanaut. Þau höfðu litla peninga handa á milli, en gátu skipt vörunum fyrir aðrar nauðsynjar sem þau gátu ekki framleitt.

Móðir Margaret átti vini sem höfðu orðið henni samferða frá gamla landinu. Þessir vinir áttu verslun sem varð fólkinu miðstöð, þar sem gefinn var eða seldur notaður fatnaður, skór o.fl. Fjölskylda Margaret fékk marga þessara notuðu hluta.

Veturnir í Alberta voru kaldir, langir og erfiðir. Á einum slíkum sérlega köldum og erfiðum vetri veittu Margaret og Nellie systir hennar bágbornu ástandi Kozicki-fjölskyldunnar athygli, en býli þeirra var í nokkurra kílómetra fjarlægð frá heimili þeirra. Þegar faðir Kozicki-fjölskyldunnar ók börnum sínum í skólann

á heimasníðuðum sleða, var hann vanur að orna sér í skólanum við ofninn áður en hann sneri aftur heim. Fótabúnaður fjölskyldunnar voru larfar úr strigapokum sem klipptir höfðu verið í ræmur og vafið utan um fætur og fóleggi, stoppað með hálm og hnýtt saman með snæri.

Margaret og Nellie ákváðu að bjóða Kozicki-fjölskyldunni í jólamáltíð og hafa það aðeins á milli barnanna. Þær ákváðu einnig að segja engum frá því í þeirra eigin fjölskyldu.

Jóladagur rann upp og allir í fjölskyldu Margaret voru önnur kafnir við að undirbúa hátíðarmáltíðina. Stór svínasteik hafði verið sett í ofninn kvöldið áður. Hvítkál, kleinuhringir, brauðsnúðar og sérstakt sykurpúns hafði áður verið útbúið. Þá var og borið fram súrkál og annað súrsað og ferskt grænmeti. Margaret og Nellie var falið að undirbúa ferska grænmetið og móðir þeirra spurði þær í sífellu hvers vegna þær skrældu svo margar kartöflur, gulrætur og rófur. En þær héldu bara áfram að skræla.

Faðir þeirra tók fyrstur eftir hestaeyki og dráttarsleða með þrettán manns sem kom eftir heimtröðinni. Hann hafði unun af hestum og bar því kennsl á hestana úr nokkurri fjarlægð. Hann spurði eiginkonu sína: „Hvers vegna er Kozicki-fjölskyldan að koma hingað?“ Hún svaraði: „Það veit ég ekki.“

Þau komu og faðir Margaret hjálpaði herra Kozicki að koma hestunum í hús. Frú Kozicki tók utan um móður Margaret og þakkaði henni fyrir að bjóða þeim til sín á jolum. Síðan fóru þau öll inn í hús og matarveislan hófst.

Hinir fullorðnu fengu sér fyrst að borða og síðan voru diskarnir og hnífapörin þrífín og börnin borðuðu, þeim skipt niður í hópa. Þetta var dýrleg máltíð og enn betri þegar hennar var neytt með öðrum. Þegar allir höfðu borðað nægju sína, voru jólasöngvar sungnir og að því loknu settust hinir fullorðnu niður til að rabba saman.

Kærleikur í verki

Margaret og Nellie fóru með börnin inn í svefnherbergi og náðu í nokkra kassa undan rúmunum, en í þeim var notaður fatnaður sem vinir móður þeirra, kaupmannshjónin, höfðu látið af hendi rakna. Allt fór í háaloft og túsusýning var strax haldin, þar sem allir fengu nauðsynlegan fatnað og fótabúnað. Hávaðinn var slíkur að faðir Margaret brá sér inn til að athuga hvað

um væri að vera. Þegar hann sá gleði og fögnuð barnanna í Kozicki-fjölskyldunni yfir „nýjum“ fötunum, brosti hann og sagði: „Haldið bara áfram.“

Þegar líða tók á síðdegið, áður en kuldinn og myrkr-ið ágerðust, kvaddi fjölskylda Margaret þessa vini sína, sem nú voru fel nærðir, klæddir og skóaðir.

Margaret og Nellie sögðu aldrei neinum frá þessu heimboði Kozicki-fjölskyldunnar, og leyndarmálið hélst þar til Margaret Kisilevich Wright lifði sín 77. jól árið 1998, en þá fyrst sagði hún fjölskyldu sinni frá þessu. Hún sagði að þau jól hefðu verið þau allrabestu.

Ef við viljum eiga okkar allrabestu jól, verðum við að hlusta eftir fótataki Jesú. Við verðum að teygja okkur eftir hönd trésmiðsins. Með hverju skrefi sem við stígum í hans fótspor, hverfur efinn og við öðlumst sannleikann.

Sagt var um Jesú frá Nasaret, að hann „þroskaðist að visku og vexti, og náð hjá Guði og mönnum.“⁷ Höfum við nægilega festu til að gera slíkt hið sama? Í helgu ritningarversu eru Drottinn okkar og frelsara færð lof með þessum orðum: „Hann gekk um, gjörði gott og græddi alla . . . , því Guð var með honum.“⁸

Bæn mín er sú að við megum þessi jól og öll jól sem enn eru ókomin, feta í fótspor hans. Þá verða öll jól okkar allrabestu jól.

HEIMILDIR

1. Al Stillman og Robert Allen, “Home for the Holidays.”
2. Elizabeth Bowen, “Home for Christmas,” í Mary Engelbreit, *Believe: A Christmas Treasury* (1998), 27.
3. David O. McKay, *Gospel Ideals* (1953), 551.
4. Jes 7:14; sjá einnig Matt 1:18–25.
5. Mósía 3:5, 7–8.
6. Matt 2:2, 10–11.
7. Lúk 2:52.
8. Post 10:38.

FYRIR HEIMILISKENNARA

Þegar þið hafið í bænaranda kynnt ykkur boðskap þennan, skuluð þið miðla honum þannig, að þeir sem þið kennið séu þátttakendur með ykkur. Nokkur dæmi fara hér á eftir:

1. Biðjið einhvern í fjölskyldunni að lesa upphátt tilvitnun McKay forseta. Ef við viljum eiga bestu jól allra, þurfum við að feta í fótspor frelsarans. Látið fjölskylduna teikna fótspor sín. Biðjið síðan fjölskylduna að gefa sér tíma að heimsókn lokinni til að ígrunda í bænaranda eitthvert þjónustverk í þágu annarra og rita það á fótsporin. Leggið til að hún setji fótsporin þannig að þau liggi í átt að mynd af frelsaranum, til tákns um að þjónustuverk leiði okkur nær honum.

2. Biðjið fjölskylduna að segja frá nokkrum minnstæðum atvikum á jólum. Hvað var sérstakt við þessi tilvik? Lesið frásögnina um Kozicki-fjölskylduna eða segið frá henni. Biðjið fjölskylduna að ákveða hvernig hún geti þjónað öðrum í þessum mánuði, til að njóta betur jólanna.